

kennt gömlu konunni, að hún hefði litið gripinn „illu auga“, töfrað hann eða galdrað. Afleiðingin af þessu varð svo, að hún var skoðuð fordæða eða galdranorn. Það er auðvelt að sanna, að margar þær konur, er brenndar voru á galdrabrennutímabilinu, höfðu eigi meira til saka unnið en þetta. Það var um visst skeið nálega það sama, hvað maður gjörði eða aðhafðist, það mátti leggja það allt út sem fjölkyngi og galdur, og leiða menn saklausa þúsundum saman á bálið.

Vér getum þá slegið því föstu, að sérhvert athæfi, er sprettur af hjátrú, eða þýtt verður út úr hjátrúarhugmyndum, er blátt áfram töfrar eða fjölkyngi. Það er ekki rétt, að kalla það eitt fjölkyngi, er fyrir tilstyrk illra anda er til leiðar komið. Hvorki gullgjörðarlistin, stjörnuspekin, fréttaleitunin eða þá spár af flugi fugla eða kvaki, eldingum, ásigkomulagi innýfla dýra m.m. þarfnadist nokkurrar aðstoðar illra anda eða djöfla, og þó verður að heimfæra þetta allt saman undir fjölkyngi.

Flestar Norðurálfsþjóðir til forna hafa fengist við fjölkyngi, án þess þó þær hugsuðu sér illa ára í og með verkandi. Fjölkyngi og töfralist skilyrðir alls ekki trúna á illa ára; það nægir, að þessir hlutir sé sprotnir og getnir af hjátrúarhugmynd, hverri helzt sem vera skal.

Með þannig lagaðri ummerkingu fjölkyngis og töfra verður að mun auðveldara að gjöra greinarmun þeirra hluta og þess, er almennt nefnist *kraftaverk*.

Sökum sambands þess, sem er á milli hjátrúar og fjölkyngis, leiðir beinleiðis, að atburður sá, er frá einu sjónarmiði skoðast kraftaverk, verður frá öðru sjónarmiði fjölkyngi og töfrar. Eitt hið ljósasta dæmi þessa er frásagan um kraftaverk Móse og töfra Faraós spekinganna. Í 2. Mos. 7. kap. 11–12. v. stendur: „Þá komu þeir Móses og Aron fram fyrir Faraó, eins og drottinn hafði boðið þeim. Og Aron fleygði staf sínum framan fyrir Faraó og vitringum hans, og stafurinn varð að höggormi. Þá kvaddi Faraó spekinga sína og töframenn til, og þessir forn-
eskjumenn Egypta gjörðu slíkt hið sama með stöfum sínum; og þeir köstuðu hver sínum staf, og þeir urðu að höggormum.“—
Síðar strekast þetta sama, er Móses breytir vötnunum í blóð og kallar froska fram úr jörðunni, þá gjöra hinir allt hið sama.